



Akraneskaupstaður

# Lýsing á breytingu á aðal- og deiliskipulagi á Akranesi

## Flóahverfi athafnasvæði

Bæjarstjórn Akraness hefur samþykkt lýsingu á breytingu á aðal- og deiliskipulagi fyrir Flóahverfi á Akranesi skv. 30. gr. og 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst m.a. í stækkun á landnotkunarreit og staðsetningu gróðurbelta. Í deiliskipulagi felst breytingin í fjölgun og minnkun lóða og færslu á götu.

## Smiðjuvallasvæði

Bæjarstjórn Akraness hefur samþykkt lýsingu á breytingu á aðal- og deiliskipulagi fyrir Smiðjuvallasvæðis skv. 30. gr. og 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin nær til Smiðjuvallasvæðis og felst m.a. í að landnotkunarreitir eru sameinaðir og skipulagsákvæðum breytt þannig að gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun.

Kynning lýsinganna fer fram með þeim hætti að haldinn verður kynningarfundur í bæjarþingsalnum kl. 16:30, fimmtudaginn 1. nóvember n.k., hægt er að nálgast lýsinguna er á heimasíðu Akraneskaupstaðar [www.akranes.is](http://www.akranes.is) og í þjónustuveri kaupstaðarins að Stillholti 16-18.

Ábendingum varðandi tillögugerðina eiga að vera skriflegar og berast fyrir 8. nóvember 2018 í þjónustuver Akraneskaupstaðar Stillholti 16-18 eða á netfangið [skipulag@akranes.is](mailto:skipulag@akranes.is)

Sviðsstjóri skipulags og umhverfissviðs

